

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvid@althingi.is

**Umsögn Landsambands eldri borgara
um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
Lánasjóð íslenskra námsmanna
með síðari breytingum(endurgreiðsla lána og niðurfelling)**

Mál 31/2014

Almennar athugasemdir:

Stjórn Landsambands eldri borgara telur þetta frumvarp vera mikið réttlætismál. Það er afar erfitt fyrir fólk sem komið er á eftirlaun þar sem tekjur hafa í flestum tilfellum lækkað verulega að þurfa enn að vera að greiða af námslánum. Við teljum að fella ætti niður greiðslu námslána þegar lánþegi nær 67 ára aldri. Einnig ef lánþegi andast áður en lánið er að fullu greitt og fyrir 67 ára aldur þá falli lánið niður, hvort sem um gömul eða ný lán er að ræða. Allir vita að á árum áður þótti það vinargreiði að gerast ábyrgðarmaður á námslánum. Það er því nauðsynlegt að setja í lög að ábyrgð ábyrgðarmanns falli niður þegar hann nær 67 ára aldri. Jafnframt að við fráfall ábyrgðarmanns ef það er fyrir 67 ára aldur falli niður krafa um að greiða þau námslán sem hann hefur gengist í ábyrgð fyrir. Þó að vissulega sé það kostnaðarauki fyrir ríkissjóð ef frumvarpið nær fram að ganga má minna á að á öðrum Norðurlöndum eru námslán að stórum hluta veitt sem óendurkræfur styrkur.

Reykjavík 24.nóv.2014

F.h. Landsambands eldri borgara.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

